

FERÐA- OG SAMGÖNGU NEFND.

Ferða- og samgöngunefnd LH skipa formenn svæðisbundnu reiðveganeftndanna ásamt formanni og varaformanni skipuðum af LH, þessi skipa nefndina 2010.

Nöfn:	Tölvupóstföng:	Símar:
Halldór H. Halldórsson formaður	bilamalunh@simnet.is	892 8678
Vilhjálmur Ólafsson varaformaður	vilhjalm@lsh.is	824 5424
Jóhannes V. Oddsson Suðvestursvæði	vandill@simnet.is	893 4144
Ólafur Hafsteinn Einarsson Suðursvæði 1.	oli@eidfaxi.is	896 8709
Guðrún Stefánsdóttir Suðursvæði 2.	gudrunstef@land.is	822 7879
Ásberg Jónsson Norðvestursvæði 1.	asberg@hraunholt.is	897 7113
Magnús Ólafsson Norðvestursvæði 2.	mao@centrum.is	898 5695
Örn Viðar Birgisson Norðaustursvæði 1.	orn@besta.is	820 6930
Stefán Sveinsson Norðaustursvæði 2.	gaedingatours@simnet.is	869 8210

Eftir viðræður við aðstoðarvegamálastjóra snemma árs 2010 var ljóst, að ekki yrði ákveðið með reiðvegafé eða úthlutun þess fyrr en að samþykktri samgönguáætlun 2009 – 2012 á Alþingi.

Úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2009 höfðu farið fram án þess að ofangreind samgönguáætlun hafði verið lögð fram á Alþingi og hvað þá samþykkt. Stuðst var við tillögur sem samgönguráð hafði lagt fyrir samgönguráðherra, um að reiðvegafé yrði 70 m.kr. fyrir árið 2009. En sem flestum er orðið kunnugt þá afturkallaði fjárveitingavaldið til sín það fjármagn (þ.e. úthlutun ársins 2008 og eldri úthlutanir) sem ekki hafði verið nýtt á árinu 2008, og fluttist yfir á 2009. Þetta voru samtals 52,5 m.kr. sem hestamannafélögin áttu vannýttar af reiðvegafé um áramótin 2008 / 2009 og að auki voru um 20 m.kr. óráðstafaðar hjá Vegagerðinni af reiðvegafé. Það var langt liðið á júlí 2009 þegar Samgöngunefnd LH og svæðisbundnu reiðveganeftndunum er gert það ljóst að eldri fjárveitingar til reiðvega væru afturkallaðar af fjárveitingavaldinu. Vegagerðin fór þess á leit við LH að allar frekari reiðvegaframkvæmdir yrðu stöðvaðar. Þetta var að sjálfsögðu óásættanlegt, mörg félög búin að framkvæma fyrir þær fjárheimildir sem þau töldu sig hafa, eða búin að gera bindandi samninga um framkvæmdir. Aðstoðarvegamálastjóra var gerð ljós staðan hjá hestamannafélögunum og jafnframt látnar í ljós efasemdir um lögmæti gjörningsins. Undirritaður óskaði eftir því við stjórn LH að fengið yrði lögfræðialit á því að eldri fjárveitingar væru afturkallaðar með þessum hætti. Til þess var fenginn Arnór Halldórsson hdl. hans niðurstaða, eftir viðræður við fulltrúa fjármálaráðuneytis, Vegagerðarinnar, ofl. var að fjárveitingarvaldinu væri heimilt að afturkalla það fjármagn sem ekki er nýtt á úthlutunarárinu. Ljóst var því að fjárheimildir hestamannafélaganna til reiðvegaframkvæmda 2009 voru því einungis það fjármagn sem úthlutað var á því ári. Vegagerðin missti sjálf um 4 ma.kr. við þessar aðgerðir fjárveitingavaldsins, vegna frestaðra verkefna. Eftir frekari viðræður við aðstoðarvegamálastjóra fékkst vilyrði fyrir því að allar bindandi skuldbindingar hestamannafélaganna vegna reiðvegaframkvæmda yrðu greiddar, en frekari framkvæmdir yrði að stöðva. Því var það að Samgöngunefnd LH kallaði eftir bindandi samningum sem hestamannafélögin eða reiðveganeftndir þeirra höfðu gert vegna reiðvegaverkefna, í góðri trú um að fjármagn væri fyrir hendi.

Þegar upp var staðið þá greiddi Vegagerðin um 80 m.kr. vegna reiðvegaverkefna á árinu 2009. Þar af 3 m.kr. vegna reiðvegaskráninga.

Í lok febrúar kallaði Samgöngunefnd LH eftir umsóknum um reiðvegafé frá hestamannafélögunum, frestur til að skila inn umsóknum var til 26 mars, en var síðar framlengdur til 16 apríl. Umsóknir að upphæð um 155 m.kr. bárust frá 35 hestamannafélögum og 5 m.kr. vegna skráningar reiðvega í kortasjá.

Heyrst hafði úr Samgönguráðuneytinu og hjá Vegagerðinni að í samgönguáætlun væru ráðgerðar 60 m.kr. til reiðvega 2010, og 65 m.kr. 2011 og 2012 hvort ár. Alþingi auðnaðist svo að samþykkja samgönguáætlunina á síðustu metrum vorþings 2010, þá tóku við nokkrir dagar við skriffrinsku og uppsetningu áður en að samgönguáætlun 2010 – 2012 varð að opinberu plaggi.

Það varð að samkomulagi milli undirritaðs og aðstoðarvegamálastjóra þann 23. júní sl. að LH úthlutaði 50 m.kr. af þeim 60 sem ætlaðar voru til reiðvega á samgönguáætlun. Ákveðið var að kalla Samgöngunefnd LH saman eins fljótt og auðið var til að deila út þessu fjármagni, til að nýta mætti sumarið sem best til framkvæmda. Fundur var ákveðinn hjá Samgöngunefnd LH föstudaginn 2. júlí, fundargerð fundarinnar fer hér á eftir.

Ferða- og samgöngunefnd Fundargerð:

Frá fundi Ferða- og samgöngunefndar LH föstudaginn 2. Júlí 2010 kl. 13:00, fundarstaður íþróttamiðstöðin Laugardal salur D.

Mættir til fundarinnar voru: Ásberg Jónsson Vestursvæði, Stefán Sveinsson Austursvæði, Guðrún Stefánsdóttir Suðursvæði 2, Sæmundur Eiríksson Suðvestursvæði og Halldór H. Halldórsson formaður. Magnús Ólafsson Norðvestursvæði og Örn Viðar Birgisson Norðaustursvæði boðuðu forföll sín og varamanna, Magnús gat þó verið í símasambandi ef þyrfti. Engin boð bárust frá Ólafi H. Einarssyni Suðursvæði 1.

Aðalmál fundarinnar voru umsóknir og úthlutun reiðvegafjár. Ekki var ljóst fyrir en við þinglok Alþingis á vorþingi 2010 hvert fjármagn til reiðvega yrði á árinu. Samkvæmt samgönguáætlun 2009 - 2012 sem lá fyrir þinginu, voru ætlaðar 60.m.kr. til reiðvega 2010 en 65. m.kr. 2011 og 2012 hvort ár. Undirritaður hafði verið í sambandi við aðstoðarvegamálastjóra síðla vetrar og í vor vegna reiðvegafjár ársins. Frá Vegagerðinni bárust svör um að ekki yrði um skiptingu reiðvegafjár að ræða fyrir en að samþykktri samgönguáætlun á Alþingi. Umsögn var send inn á nefndasvið Alþingis vegna samgönguáætlunarinnar. Að samgönguáætlun samþykktri á Alþingi var aftur haft samband við aðstoðarvegamálastjóra, samkomulag varð um að LH úthlutaði 50. m.kr. af þeim 60 m.kr. sem ætlaðar voru reiðvegum, Vegagerðin úthlutar þeim 10 m.kr. sem eftir standa til ýmissa reiðvegaverkefna. Vilyrði sveitarfélaga til reiðvega er 28. m. kr. í ár.

Skýrsla samgöngunefndar 2009 lögð fram, samþykkt án aths. Fjárheimildir ársins 2009 ræddar ásamt uppgjöri ársins. Sem kunnugt er þá voru þær fjárheimildir sem félögin áttu vannýttar og ultu milli árunna 2008 - 9 teknar til baka af ríkissjóði alls um 52,5. m.kr. og um 20. m.kr. sem var óráðstafað hjá Vegagerðinni. Samgöngunefnd LH er ekki upplýst um þessar ákvarðanir fjárveitingavaldsins fyrir en í lok júlí 2009. Með þessari ákvörðun stefndi í að mörg hestamannafélög lentu í verulegum vandræðum. Víða hafði verið framkvæmt fyrir þá fjármuni sem félögin töldu sig eiga inni frá fyrra ári auk þess fjármagns sem úthlutað hafði verið á árinu til reiðvega. Fjárheimildir 2009 voru því eingöngu það fjármagn sem úthlutað var til reiðvega á því ári. Niðurstaðan var sú að mörg hestamannafélög fóru verulega fram úr fjárheimildum ársins 2009, önnur stöðvuðu framkvæmdir þegar í stað þegar beiðni um það barst frá Vegagerðinni. Samkomulag varð við Vegagerðina um að greiða fram lagða

reikninga, heildargreiðslur til reiðvegaframkvæmda á árinu 2009 urðu rétt tæpar 80. m. kr. Niðurstöðurnar urðu þær að Suðursvæði 2 fór um 40% fram úr heimildum, Suðursvæði 1 fór 100% fram úr heimildum, Suðvestur svæði nýtti 81% af sínum heimildum, Vestursvæði fór 80% fram úr heimildum, Norðvestursvæði fór 33% fram úr heimildum, Norðaustursvæði fór 26% fram úr heimildum, Austursvæði nýtti 38% af sínum heimildum.

Farið var yfir umsóknir um reiðvegafé 2010, umsóknir eru samtals 160. m. kr. sem er heldur minna en undanfarin ár, ein umsókn er frá Suðursvæði 1, þ.e. frá Sleipni. Áhugaverð umsókn um reiðveg frá Selfossi austur undir Þjórsá í gegnum einkalönd fjarri akvegum.

Við úthlutun á reiðvegafé 2010 var tekið mið af því hvað svæðin fóru fram úr fjárheimildum 2009 eða áttu vannýttar heimildir. Áhersla var lögð á það við nefndarmenn að þeir úthlutuðu fyrst fjármagni til þeirra félaga á sínum svæðum sem nýttu ekki sínar fjárheimildir 2009. Þannig stæðu þau félög á núlli gagnvart hinum félögunum á svæðunum og þessi sömu félög væru í raun fyrsti kostur við úthlutun á því fjármagni sem eftir stæði. Þannig væri nokkurs jafnræðis gætt milli félaganna.

Niðurstöður úthlutunar voru þessar: Suðvestursvæði 13,5. m.kr.: Vestursvæði 3,5. m. kr.: Norðvestursvæði 6,5. m. kr.: Norðaustursvæði 6,5. m. kr.: Austursvæði 6,5. m. kr.: Suðursvæði II 5,0. m. kr.: Suðursvæði I 3,5. m. kr.: og Reiðvegaskráning 5,0. m.kr.: Alls 50,0. m. kr.

Áhersla er lögð á að hraða skiptingu fjármagns innan svæða og að niðurstöður skiptingarinnar berist undirrituðum í síðasta lagi föstudag 23 júlí nk. Þá er formönnum svæðisbundnu reiðveganefndanna upp á lagt að fylgja því eftir að það fjármagn sem úthlutað er á svæðin sé notað á úthlutunarárinu svo ekki komi til sambærilegra aðgerða af hálfu ríkisins og á síðasta ári. (Rætt var um að ef hestamannafélögin væru ekki farin í framkvæmdir 1. september þá væri heimilt að ráðstafa fjármagninu til annarra verkefna innan sama svæðis).

Sæmundur Eiríksson fór yfir stöðu á skráningu reiðvega í kortasjá, farið yfir hvað er búið að gera í skráningunni undanfarið, hvað er framundan, hvaða möguleikar eru í skráningu þjónustuaðila og númerakerfi reiðvega. Kynntir voru samningar LH við annars vegar Vegagerðina og hins vega Loftmyndir ehf. um skráningu reiðvega á kortasjá. Góður rómur var gerður að reiðvegaskráningunni og kortasjánni.

Rætt var um skipulagsmál og fundarmenn enn og aftur hvattir til að fylgjast með skipulagsmálum á sínum svæðum. Einnig var farið yfir verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs og þær athugasemdir sem gerðar voru við verndaráætlunina af hálfu LH.

Önnur mál sem rædd voru; frumvarp til nýrra umferðalaga, athugasemdir sem Samgöngunefnd LH hefur sent nefndasviði Alþingis vegna þess. Samgönguáætlun 2009-2012. Samút, samtök útivistarhópa og aðild LH að samtökunum. Fundur HH og SE með nefnd sem var skipuð af Umhverfissráðherra til að gera tillögur um fækkun vegslóða á hálendinu, nefnd þessi er undir formennsku Sesselju Bjarnadóttur Umhverfissráðuneyti. Kortaútgáfur; borið hefur á því að skilgreindir reiðvegir eru sýndir sem slóðar á kortum þetta á m.a. við nýja kortaútgáfu Máls og Menningar kort 1:100.000 um er að ræða nær 40 kort af öllu landinu, einnig eru sambærilegar villur í GPS kortum. Að sögn Andrésar Arnalds hjá Landgræðslunni þá helgast þetta líklega af því að Slóðavinir eru að keyra þessar reiðleiðir sem þeir gps mæla og senda á kortaútgáfurnar sem kanna málið ekki frekar. Það þarf að fara vel yfir þessar villur í kortunum og gera athugasemdir við bæði útgefendur kortanna sem og Umhverfissráðuneytið.

Fundi lokið kl. 15:45

Skráð; *Halldór H. Halldórsson.*

Reiðveganefndir svæða brugðust skjótt við og útdeildu fengnu fé í reiðvegaverkefni hestamannafélaganna á sínum svæðum, innan gefins frest. Eitthvað fór þó úrskeiðis á

Vestursvæði sem endaði með því að varaformaður nefndarinnar þar var fenginn til að klára málið, 500.000,- kr. voru færðar af SV svæði til Vestursvæðis þannig að 4 m.kr. komu til úthlutunar þar.

Nokkrar tillögur og ályktanir komu frá LH þingi höldnu á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008. Þeirra er hér getið og afgreiðslu Samgöngunefndar LH.

Á þingskjali 2a flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins, segir:

Ályktun:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. okt. 2008, beinir því til hestamannafélaga og svæðisbundnu reiðveganefndanna að leita aðstoðar Sæmundar Eiríkssonar í gegnum LH, hvað varðar skipulagsmál og annað það sem starfssvið hans segir til um.

Greinargerð:

55. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið í Borgarnesi 27. og 28. okt. 2006 samþykkti ályktun um að fela stjórn LH að leita leiða til að ráða starfsmann til tímabundinna verkefna. Starfsmaðurinn skyldi vera reiðveganefndum landssvæða til aðstoðar við áætlanagerð, skráningar og hnitsetningar reiðleiða.

Afgreiðsla þingsins: Samþykkt

Sæmundur Eiríksson kom með tillögur að tveim leiðum í þessu máli sem undirritaður kom svo áleiðis til stjórnar LH. Tillögur Sæmundar voru þessar:

Framkvæmd tillögu – tveir möguleikar / SE 31. 10. 08:
1. Reiðveganefndir fylgjast með auglýsingum um skipulagstillögur á sínum svæði og óski eftir aðstoð SE ef talin er þörf á því. 2. SE fylgist með öllum auglýsingum um skipulagstillögur á öllu landinu, skoði þær og meti hvort þörf er á frekari skoðun. Yfirferð og skoðun á skipulagstillögum verði síðan gerð í samráði við reiðveganefnd eða hestamannafélag viðkomandi svæðis.

Undirrituðum er ekki kunnugt um að stjórn LH hafi verið í sambandi við Sæmund vegna þessa.

Á þingskjali nr. 2b flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins, segir:

Ályktun:

56. landsþing Landssambands hestamanna haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 hvetur stjórn LH til að leita allra leiða til að halda áfram þeirri vinnu sem hafin er við skráningu reiðleiða. Bæði í Exel skrá og á Kortasjá Loftmynda ehf. með öllum þeim birtingarmyndum og möguleikum sem það býður upp á, til hagsbóta fyrir hinn almenna hestamann og hestaferðaþjónustuna.

Landsþingið hvetur einnig hestamannafélögin til að halda reiðvegamálum og umræðum um reiðvegi á lofti. **Afgreiðsla þingsins: Samþykkt**

Ferða- og samgöngunefnd hefur fullan hug á að halda áfram með þá vinnu sem hafin er við skráningu reiðleiða. Erfiðlega gekk að finna fjármagn til verksins á síðasta ári, en skráningin hófst aftur nú í sumarbyrjun 2010. Undir liðnum kortasjá er frekari umfjöllun um skráningu reiðleiða.

Á þingskjali nr. 2c flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins segir:

Ályktun:

56. landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. október 2008 hvetur LH til að leita allra leiða til að fá gamlar reiðleiðir (þjóðleiðir) sem hefur verið lokað opnaðar að nýju.

Afgreiðsla þingsins: Samþykkt

Ferða- og samgöngunefnd LH hvetur alla til að standa vörð um gamlar reiðleiðir, þjóðleiðir.

Á þingskjali nr. 2d flytjandi: Ferða- og umhverfisnefnd þingsins segir:

Ályktun:

56. Landsþing Landssambands hestamannafélaga haldið á Kirkjubæjarklaustri 24. og 25. okt. 2008 beinir því til stjórnar LH að sjá til þess að samþykkt á þingskjali nr. 22 frá síðasta landsþingi LH verði fylgt eftir.

Greinargerð:

Umferð vélknúinna ökutækja er orðin ópolandi á merktum reiðvegum. Mikilvægt er að LH hraði sem mest þeirri vinnu sem hafin er varðandi þessi mál.

Afgreiðsla þingsins: Samþykkt

Ferða- og samgöngunefnd er stöðugt með þetta mál í skoðun og eftirfylgni, hefur m.a. þrýst á breytingar á umferðarlögum þar sem ótvírætt yrði bannaður akstur vélknúinna ökutækja á reiðvegum. Fundað hefur verið með samgönguráðherra, deildarstjórum í samgönguráðuneytinu og nefnd sem vann að tillögum til breytinga á umferðarlögum, auk formlegra erinda sem hafa verið send inn til Samgönguráðuneytis og Samgöngunefndar Alþingis. Þegar **drög 0709** að nýjum umferðarlögum voru lögð fram um miðjan júlí 2009 var ástæða til nokkrar bjartsýni.

Í drögum 0709 að nýjum umferðarlögum segir m.a. í 2 grein skilgreiningar,

Almennir stígar:

Göngu-, hjólreiða- og reiðstígar sem ætlaðir eru til frjálsrar umferðar, annarra en ökutækja, og haldið er af fé ríkisins eða sveitarfélaga.

Reiðvegur:

Vegur sem sérstaklega er ætlaður til umferðar á hrossum, þar sem ökutæki eru óheimil.

Það var skoðun LH að þessi breyting væri til bóta frá því sem er í núgildandi umferðarlögum.

Þegar svo frumvarp til nýrra umferðarlaga þskj. 943 - 553 mál, er lagt fyrir Alþingi á 138 löggjafarþingi 2009 – 2010 þá er búið að fella út úr frumvarpinu skilgreiningu á reiðvegi.

Erindi var sent til samgönguráðherra og Samgöngunefndar Alþingis vegna þessa, skýringa óskað og skorað á viðkomandi að skilgreining á reiðvegi s.s. var í drögum 0709 skili sér inn í frumvarp til umferðarlaga. Óskað var eftir fundi með nýskipuðum Samgönguráðherra Ögmundi Jónassyni vegna málsins og átti sá fundur sér stað 22. sept. sl. Af hálfu LH sátu fundinn Haraldur Þórarinnsson auk undirritaðs, af hálfu ráðuneytis voru ráðherra og ráðuneytisstjóri. Ögmundur kvaðst hafa fullan skilning á málstað LH og myndi beyta sér í málinu.

Formlegt erindi var sent til Dómsmála- og löggæsluskrifstofu Dómsmálaráðuneytisins, þar er því beint til yfirvalda að mælast til við lögreglu og sýslumenn um land allt að beita sér í því að stöðva akstur vélknúinna ökutækja á reiðvegum.

Önnur erindi:

Hálendisvegir og slóðar

Í kjölfar mikilla umræðna á utanvegaakstri og tillagna um takmarkanir á umferð um hálendi Íslands var óskað eftir fundi með nefnd um hálendisvegi og slóða, nefnd skipaðri af umhverfisstofnun og vinnur að tillögum um lokun vega og slóða á miðhálendi Íslands. Formaður nefndarinnar er Sesselja Bjarnadóttir úr Umhverfisstofnun, aðrir nefndarmenn eru frá Vegagerðinni, Landmælingum og Umhverfisstofnun. Fundur var með nefndinni í Umhverfisstofnun þann 15. des. 2009, fundinn sátu Sesselja Bjarnadóttir Umhverfisstofnun, Ólafur Arnar jónsson Umhverfisstofnun, Eymundur Runólfsson Vegagerðin, Steinunn Elva Gunnarsdóttir Landmælingar Íslands, Halldór H. Halldórsson og Sæmundur Eiríksson f.h. LH.

Úr samantekt fundarinnar:

HHH leggur fram gögn og fer yfir erindi frá LH sem er lagt fyrir nefndina og leggur áherslu á að þær reiðleiðir sem koma fram á kortum þeim sem unnin voru á vegum nefndar Samgönguráðuneytis frá september 1998 haldi sér óskertar í tillögum nefndar Umhverfisstofnunar um hálendisvegi og slóða.

SE leggur fram útprentanir úr kortasjá Loftmyndar af reiðleiðum og segir frá stöðu verkefnis.

SB segir frá hlutverki nefndar um utanvegaakstur og stöðu þeirrar vinnu í dag. Umfang verkefnis miðast við miðhálendið og þarf að skilgreina hvað eru vegir og hvað eru ekki vegir. Að miðhálendinu liggja 20 sveitarfélög. Búið er að ræða við 8 sveitarfélög, eitt sveitarfélag Hrunamannahreppur er búið að ganga frá sínum tillögum og eru þær til umfjöllunar hjá hagsmunaaðilum, m.a. fulltrúa SAMÚT.

Þegar öll sveitarfélögin hafa lokið sinni vinnu og búið að samþykka tillögur um opna og lokaða vegslóða verða allar upplýsingar settar inn á sérstakan gagnagrunn aðgengilegan almenningi. Jafntfram opnun þessa gagnagrunns verður sett reglugerð um skilgreiningar á þeim vegslóðum sem þar koma fram. Skráð SE.

Rétt er að geta þess að ofangreind reiðleiðakort af hálendi Íslands voru skönnuð inn á pdf form og sett á geisladiska. Erindi var sent til þeirra 20 sveitarfélaga, sem eiga lögsögu að miðhálendi Íslands, ásamt geisladiski með kortunum, þar sveitarfélögin hvött til að skerða hvergi þær reiðleiðir sem þar koma fram.

SAMÚT.

Fram hefur komið að fulltrúi SAMÚT hafi haft eitthvert aðgengi að nefnd um hálendisvegi og slóða. SAMÚT eru samtök útivistarhópa og eru 17 félög aðilar að samtökunum, LH er eitt þeirra. Fyrrum skrifstofustjóri LH Sigrún Ögmundsdóttir sat þar fundi fyrir hönd LH, en eitthvað hefur farið úrskeiðis þegar hún lét af störfum hjá LH því fundarboð eða samráð við LH hafði ekki borist a.m.k. ekki undirrituðum. Ákveðið var að LH skyldi gera sig gildandi innan samtakanna, á aðalfundi samtakanna s.l. vor átti LH 3 fulltrúa og var Þorvarður Helgason (í varastjórn LH) skipaður í stjórn og framkvæmdaráð SAMÚT.

Kortasjá.

Skráning reiðleiða í kortasjá lá niðri á árinu 2009, en unnið var að því í samstarfi við Vegagerðina að LH næði sem hagstæðustum samningum við Loftmyndir um afnot af

kortasjánni. Fundur þess efnis var haldin hjá Vegagerðinni 3. des. 2009. Fundarmenn: Frá Vegagerðinni Gunnar Linnet, Haraldur Sigursteinsson og Hersir Gíslason, frá LH Halldór H. Halldórsson og Sæmundur Eiríksson.

Samantekt fundarefnis:

HS og HH fóru í byrjun lauslega yfir það hvernig þróast hefur vinna við skráningu reiðleiða. Samhliða útgáfu Vegagerðarinnar og LH á Reiðvegahandbókinni „REIÐVEGIR gerð og uppbygging“ sem kom út í janúar 2006 voru reiðleiðir á Norðurlandi Vestra skráðar niður og flokkaðar samkvæmt skilgreiningum sem koma fram í áður nefndu riti. Ekki varð framhald á þessarri skráningarvinnu. Ýmsar leiðir voru skoðaðar hvernig skyldi haga frekari skráningu reiðleiða á landinu. Í lok nóvember 2007 fékk LH Sæmundur Eiríksson til þess að vinna að skráningu reiðleiða. Fundað var með Vegagerðinni í byrjun árs 2008 og í framhaldi af því var leitað til Loftmynda ehf og byrjað að skrá reiðleiðir ofan á myndgrunn þeirra. Loftmyndir ehf settu upp kortasjá með reiðleiðum sem opin er almenningi. Unnið var að skráningu reiðleiða til loka júní 2008, þá var búið að skrá og setja inn á myndagrunn um 75% af öllum reiðleiðum á SV- svæði. Ekki fékkst frekari fjárveiting til þess að halda verkinu áfram og ekki hafði verið gengið frá samningi við Loftmyndir ehf. Í tilboði Loftmynda ehf. til LH frá apríl 2008 eru annars vegar gjald fyrir afnot af myndagrunni við skráningu reiðleiða, og hins vegar gjald fyrir kortasjá. Vegagerðin er með samning við Loftmyndir ehf um afnot af myndagrunni þeirra. Fjárframlög til skráningar reiðleiða koma af reiðvegafé. Spurning vaknaði hvort ekki væri verið að tvíborga fyrir afnot af myndagrunni með fjármagni frá Vegagerðinni?

GL ræddi þetta við Örn hjá Loftmyndum í byrjun árs 2009, hvort aðgangur vegna vinnu á vegum LH væri innifalinn í samningi Vegagerðarinnar við Loftmyndir ehf. Í núverandi samningi er ákvæði um að þeir aðilar sem eru að vinna fyrir Vegagerðina fái bein afnot af myndagrunni Loftmynda án aukagreiðslu. Ekkert ákveðið kom út úr þessum viðræðum við Örn. Núverandi samningur Vegagerðarinnar við Loftmyndir ehf rennur út um nk. áramót. Ekki hefur verið gengið frá fjárveitingu fyrir árið 2010 þannig að hægt sé að ganga frá nýjum samningi. GL sagði frá nýrri Evrópu tilskipun INSPIRE um samræmda notkun landupplýsinga, en samkvæmt henni eiga öll gögn um samgöngur að vera opin almenningi á rafrænu formi árið 2011. Þetta kann að breyta því vinnuumhverfi sem er í dag á öllum gögnum er varða samgöngukerfi.

Rætt var um nauðsyn þess að skoða saman vegakerfi og reiðleiðir með tilliti til skipulagsvinnu og hönnunnar vegakerfis og einnig fyrir hinn almenna hestamann við skoðun á reiðleiðum, að geta séð vegi og reiðleiðir á kortasjám. Ekki er mögulegt að setja vegþekju inn á kortasjá reiðleiða þar sem Vegagerðin er með samning við Landmælingar um að Landmælingar fá vegþekjuna og selji síðan afnot hennar til þriðja aðila.

Vegagerðin stefnir að því að ganga frá samningi við Loftmyndir ehf um afnot af myndagrunni og að LH fái afnot af myndagrunni til skráningar reiðleiða án endurgjalds.

SE sendi Hersir þá reiðleiðaþekju sem búið er að vinna. Hersir athugar hvernig og hvort hún nýtist á innra neti Vegagerðarinnar með vegaðekju.

Skráð; Sæmundur Eiríksson 4. des. 2009.

Á fundi Vegagerðarinnar og Loftmynda þann 5 febrúar 2010 var undirritaður viðauki við samning um afnot Vegagerðarinnar á landfræðilegum gögnum Loftmynda ehf.

Landssamband hestamannafélaga (LH) hefur staðið fyrir söfnun upplýsinga um reiðleiðir og er sú starfsemi kostuð af Vegagerðinni. Verði framhald á því starfi og verði þessari kostun fram haldið skulu afnot LH af myndkortum Loftmynda ehf. falla undir núverandi afnotasamning Vegagerðarinnar um landfræðileg gögn. Öll önnur þjónusta Loftmynda ehf. er Vegagerðinni hins vegar óviðkomandi og munu Loftmyndir ehf. semja beint við LH um þau mál.

14 maí s.l. undirrituðu LH og Loftmyndir ehf. samning um afnot af landfræðilegum gögnum í eigu Loftmynda og þjónustu þeim tengdri. Myndkort af öllu landinu með 0,15 m. upplausn í þéttbýli, 0,5 m. í dreifbýli og 1 m. á hálendinu verða afhent með WMS þjónustu, einnig er sýnt vegakerfi og örnefnaskrá Loftmynda. Settur hefur verið upp hugbúnaður fyrir starfsmann LH sem gefur færi á að hnita reiðleiðir sem sjást á loftmyndunum. Einnig er hægt að lesa inn GPS mældar reiðleiðir. Loftmyndir setja upp kortasjá með áður nefndum myndkortum og öðrum þemum sem eru á hefðbundnum kortasjám Loftmynda. Einnig verða settar inn reiðleiðir LH sem þegar hafa verið hnitaðar.

Samningur þessi er í raun framhald af þeirri vinnu sem sett var í kortasjá 2008, en þá voru settar inn um 75% reiðleiða á Suðvesturlandi. Möguleiki verður á að taka reiðleiðir beint inn á GPS tæki eða tölvur af kortasjánni. Eingöngu verða settar inn reiðleiðir sem eru á skipulagi viðkomandi sveitarfélaga, einnig gamlar þjóðleiðir.

Möguleikar eru á að setja í kortasjána upplýsingar um alla þá aðila sem með einum eða öðrum hætti þjónusta og selja vörur til hestamanna. Má þar nefna t.d. gistimöguleika á hestaferðum (s.s. uppl. um áningastaði, fjallaskála, bændagistingar, hótél ofl.), reiðskóla, hestaleigur, tamningastöðvar, hrossaræktarþú, fóðursala, ofl.ofl.

Vinna við framhald skráningar hófst svo í júní s.l. byrjað var á að setja reiðveganúmer á þá reiðvegi sem þegar voru komnir inn í kortasjána, en það tók tvö ár að ýta í Vegagerðina áður en að þeir komu með tillögur að númerakerfi fyrir reiðvegi. Næstu skref eru að kortleggja suður- og vesturland, áætlanir eru um að það takist að klára þau svæði að mestu í ár og á næsta ári.

REIÐLEIÐASKRÁNING – VINNUFERILL

UPPLÝSINGAR UM REIÐLEIÐIR

Frá aðalskipulagi, sem kort eða gögn á tölvutæku formi.

Sem GPS ferlar frá ferðalögum hestamanna.

Á landakorti, teiknað inn eftir lýsingum staðkunnugra.

NÚMERING OG FLOKKUN REIÐLEIÐA

Flokka leiðir í stofnleiðir, héraðsleiðir og þéttbýlisleiðir og setja númer á hverja reiðleið fyrir sig eftir númerakerfi Vegagerðarinnar.

REIÐVEGASKRÁ

Setja upp í exelskrá – reiðvegaskrá - allar reiðleiðirnar í númeraröð, samkvæmt flokkuninni hér að ofan.

REIÐLEIÐIR Í TÖLVUGRUNN

Reiðleiðir eru unnar ofan á loftmyndagrunn Loftmynda ehf.

Reiðleiðir eru fyrst settar inn í flokk „reiðleiðir“. Þar er unnið við hverja leið fyrir sig og hún staðsett rétt inn á loftmynd. Þegar lokið er við einstaka reiðleið er hún sett í viðeigandi flokk, það er „stofnleið – rautt“, héraðsleið – grænt“ og „þéttbýlisleið – ljósblátt“. Síðan eru settar upplýsingar inn í reiðvegaskrána, það er reiðvegaheiti, upphafs- og endapunktur og stutt lýsing á reiðleiðinni.

YFIRFERÐ Á REIÐVEGASKRÁ

Þegar lokið er við að setja inn á tölvugrunn og skrá reiðleiðir á ákveðnu landsvæði þarf að yfirfara reiðvegaskrána. Það er nafn á reiðleiðum, örnefni við upphaf og endir reiðleiða og yfirfara lýsingu á reiðleiðum með heimamönnum og staðkunnugum.

LOFTMYNDIR – KORTASJÁ

Yfirfarinn tölvugrunnur „reiðleiðir“ og reiðvegaskrá er sent til Loftmynda ehf. sem setja gögnin inn á Kortasjá Landssambands Hestamannafélaga.

8. október 2010. Sæmundur Eiríksson

Skipulagsmál:

Mörg sveitarfélög hafa lagt fram aðalskipulagstillögur sínar á árinu, mjög misjafnt er hvernig staða reiðleiða hefur verið á þessum aðalskipulagstillögum. Hrósa ber Húnavatnshreppi fyrir góð skil á reiðvegum í skipulagstillögum sínum, ekki bara að sérstakt reiðleiðakort fylgi

skipulagstillögunum heldur einnig stuttar leiðarlýsingar á reiðleiðunum, þær eru 51 talsins og ná allt frá strönd til miðhálandisins. Reiðleiðum eru einnig gerð ágæt skil á aðalskipulagstillögum Strandabyggðar. Samgöngunefnd LH hefur gert athugasemdir við reiðleiðir á aðalskipulagstillögum margra sveitarfélaga. Sumstaðar frá hefur verið haft samband við undirritaðan vegna þessa og þá vegna þess að vilji hefur verið til að bæta úr því sem betur mátti fara á skipulagstillögum.

Enn og aftur skal það brýnt fyrir hestamönnum að standa vörð um reiðleiðir á skipulagi á sínum svæðum, alltaf er erfiðara að koma inn breytingum eftir að búið er að samþykkja skipulagið. LH gerði einnig athugasemdir við deiliskipulagstillögur Heiðmerkur og lagði til leiðir til úrbóta á deiliskipulagstillögunum ásamt Fákí og reiðveganeftnd sv svæðis.

Vatnajökulspjóðgarður.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs kynnti stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs í maí sl. Ekki hafði verið haft samráð eða leitað álits LH varðandi reiðleiðir innan þjóðgarðsins. Full ástæða var til að gera athugasemdir við framkomnar tillögur að reiðleiðum í stjórnar- og verndaráætluninni, aths. sem gerðar voru fara hér á eftir:

Landssamband hestamannafélaga gerir eftirfarandi athugasemdir og harmar að stjórn Vatnajökulspjóðgarðs skuli ekki hafa haft samráð við samtök hestamanna við undirbúning verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs.

Í kaflanum um samgöngur 9.3.4 reiðleiðir; eru nefndar þær reiðleiðir sem för er heimil um. Landssamband hestamannafélaga gerir alvarlegar athugasemdir við að margar fornar reiðleiðir / þjóðleiðir skuli ekki vera skilgreindar sem slíkar innan marka Vatnajökulspjóðgarðs.

Einkum á það við um norður- og vestursvæði. **Vonarskarð,** það er algerlega óásættanlegt að ríðandi umferð eigi að banna um Bárðargötu, forn leið kennd við Bárð þann er Bárðardalur er nefndur eftir og er kunn frá árdögum Íslandsbyggðar. **Hvaða rök liggja hér að baki?**

Skilgreina þarf eftirtaldar leiðir sem reiðleiðir:

Frá Gjallanda í Vonarskarð, úr Vonarskarði að Svarthöfða og áfram í Jökulheima. Frá Svarthöfða og vestur fyrir Hágöngulón, skilgreina þarf einnig reiðleið úr Nýjadal í Vonarskarð. Þá vantar að skilgreina Gæsatnaleið sem reiðleið þ.e. frá Gjallanda um Urðarháls, Flæður, Dyngjusand og að reiðleið við Upptýppinga, einnig vantar reiðleið frá Flæðum í Dyngjufjalladal þaðan í Suðurárbotna og að reiðleiðum við Svartáarkot. Þær leiðir sem hér eru nefndar hafa verið farnar af ríðandi fólki allt frá fyrstu dögum Íslandsbyggðar. Á síðustu öld fóru bílar að fikra sig eftir fornum reiðslóðum bæði í byggð og á hálandinu og breyta sumum þeirra í ökuslóða, einkum upp úr miðri síðustu öld. Á norðursvæði eru ekki eru gerðar athugasemdir við reiðleiðir um Jökulsárgljúfur og Ásbyrgi.

Á austursvæði er skilgreind reiðleið, Fljótsdalur – Sauðárkofi, um Laugafell og Fjallaskarð inn Vesturöræfi þessi reiðleið endar við Háslón, skilgreina þarf áframhald leiðarinnar til norðurs með Háslóni að Kárahnjúkum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við reiðleiðir á suðursvæði, en þó er áskilinn réttur til þess ef af stækkun þjóðgarðsins verður á því svæði, sem heyrst hefur að áform séu um.

Áningastaði / skiptihólf þarf að skilgreina með um 8 – 10 km. millibili við reiðleiðirnar eða eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað.

Landssamband hestamannafélaga hafnar þeirri ákvörðun að leyfi þjóðgarðsvarða þurfi til, ef um stærri hópa en 20 hesta er að ræða. Með 20 hesta hópi eru 4 -5 manneskjur, en ætla þarf um 3 -5 hesta á mann í lengri hestaferðum, ásættanlegt væri að leyfi þjóðgarðsvarðar þyrfti fyrir 40 – 50 hesta hópum og stærri.

Landssamband hestamannafélaga bendir á að hestamenn eru unnendur íslenskrar náttúru og til í að víkja með sína umferð misþjóði hún náttúrulegri flóru landsins með þeirri umferð sem ástundunin í dag hefur í för með sér. Hestamenn hafa t.d. vikið frá Búrfellsgjá, Gjárétt, Arnarfellsmúla og Þjófadölum með sína umferð, svo dæmi séu nefnd. En við gerum þó kröfu um aðgang að útivistarsvæðum, rétt eins og aðrir útivistarhópar.

Landssamband hestamannafélaga vekur athygli á að hestamenn hafi ávallt lagt áherslu á góða umgengni við náttúru landsins. Reynslan sýnir að hestar og hestamenn hafa í áranna rás búið í góðri

sambúð við náttúruna. Hestamenn vara hins vegar við þeim viðhorfum sem vilja takmarka aðgang hestamanna að mikilvægum ferðamannastöðum og helstu náttúruperlum. Verði slík viðhorf ráðandi mun það leiða til takmarkaðra möguleika almennings til þess að njóta íslenskrar náttúru. Um leið mun það setja því fólki og þeim fyrirtækjum sem stunda skipulagðar hestaferðir um landið, jafnt fyrir útlendinga sem íslendinga, miklar takmarkanir á sinni starfssemi með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir ferðaþjónustuna í landinu. Það er engum betur ljóst en þessum aðilum hversu mikilvægt það er að umgangast náttúruna af nærgætni og virðingu.

Landssamband hestamannafélaga vekur athygli á þeim tekjum sem hestamennska og hestatengd ferðaþjónusta er að skapa þjóðarþúinu, en þær eru ætlaðar 25 -30 milljarðar kr. á ársgrundvelli.

Svör bárust við framkomnum aths. þann 8. september sl.

Þar segir um aths. vegna reiðleiða:

Hestaumferð á vegum og utan reiðleiða

Í 14. grein reglugerðar Vatnajökulspjóðgarðs nr. 608/2008 segir svo um umferð á hestum: „*Umferð hesta um þjóðgarðinn er heimil á skilgreindum eða merktum reiðleiðum.*“ Umferð annars staðar telst því óheimil. Þó ber að geta þess, að umferð á hestum er leyfð á þeim vegum sem skilgreindir eru í kafla 9.3 enda sé ekki um aðra reiðleið að ræða, fylgt sé greinilegu yfirborði vegar, stikum eða slóð vélknúinna ökutækja þar sem því verður viðkomið. Gæta þarf ýtrustu varúðar á fjölfarnari vegum, einkum þar sem vegur er greiðfær og búast má við hraðri umferð ökutækja. Umferð hesta annars staðar en á skilgreindum og merktum reiðleiðum og vegum, er því óheimil.

Úrval reiðleiða og áningastaða

Ábendingar bárust um reiðleiðir sem æskilegt væri að kæmu til viðbótar þeim sem tilteknað voru í auglýstri tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun. Flestar þær leiðir sem nefndar voru eru vegir, í skilningi Stjórnunar- og verndaráætlunar, þ.e. leiðir sem opnar eru vélknúnum ökutækjum fyrir almennri umferð. Þar sem umferð hesta á vegum er leyfð, með fyrrgreindum skilmálum, eru þessar leiðir sjálfkrafa hluti af reiðleiðakerfi þjóðgarðsins. Stefnt er að því að fjölga í áföngum áningastöðum á skilgreindum reiðleiðum.

Hópferðir á hestum

Athugasemdir voru gerðar viðað hópferð væri bundin við eingöngu 20 hesta.

Stjórn Vatnajökulspjóðgarðs er bundin af skilgreiningu 4. greinar reglugerðar um Vatnajökulspjóðgarð, þar sem segir: „*Hópferð á hestum er ferð þar sem fleiri en 20 hestar eru í för.*“

Vonarskarð

Hestaumferð í gegnum Vonarskarð er óheimil.

Það eru veruleg vonbrigði og raunar óásættanlegt að hestaumferð skuli bönnuð í Vonarskarið, engin rök fylgja ákvörðuninni.

Hestar feta ekki frammar í spor Bárðar um Bárðargötu í Vonarskarði, og ellefu alda saga Bárðargötu þar með yfirstrikuð, hér skal eingöngu gangandi umferð leyfð. Hér er stjórn Vatnajökulspjóðgarðs að gera mikil mistök og er þessum gjörningi mótmælt. Undirritaður deilir þeirri skoðun með Jónasi Kristjánssyni ritsjóra um að besta leiðin til að varðveita gamlar reiðgötur og þjóðleiðir er hæfileg notkun þeirra, að öðrum kost er hætta á að þær hreinlega hverfi eða týnist.

Tvímæli eru tekin af um að ríðandi umferð sé leyfð á öllum vegum og slóðum innan þjóðgarðsins, þar sem almenn umferð er á annað borð leyfð vélknúnum ökutækjum, auk skilgreindra reiðleiða. Nú er nefnt að hestaumferð sé leyfð á skilgreindum vegum í kafla 9.3 í verndaráætluninni. Fylgt skuli greinilega yfirborði vegar, stikum eða slóð vélknúinna ökutækja, enda sé ekki um aðra reiðleið að ræða.

Í tillögum að verndaráætluninni, voru einungis þeir vegir sem skilgreindir voru í kafla 9.3.4. leyfðir hestaumferð. Það er erfitt að sætta sig við að hestaumferð sé sett í flokk með vélknúnum ökutækjum og megi helst ekki annars staðar vera en á akvegum. Fagna ber þó því að stefnt skuli að fjölgun áningastaða við skilgreindar reiðleiðir.

Varðandi hópferðir á hestum innan þjóðgarðsins og að sérstakt leyfi þjóðgarðsvarðar þurfi fyrir stærri hópum en 20 hesta.

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs skýlir sér að baki 4. grein reglugerðar um Vatnajökulsþjóðgarð.

Um það skal segja; **aldrei var leitað álits, eða samráð haft við fulltrúa samtaka hestamanna við samningu reglugerðarinnar.**

Ekki varð einhugur innan SAMÚT um athugasemdir við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Ferðafélag Íslands hafnaði allri umferð um Vonarskarð annarri en gangandi. SAMÚT studdi þó LH í meginatriðum um reiðleiðir innan þjóðgarðsins.

Athugasemdir SAMÚT varðandi reglur um reiðleiðir:

SAMÚT tekur undir athugasemdir Landssambands hestamanna við að margar fornar reiðleiðir / þjóðleiðir skuli ekki vera skilgreindar sem slíkar innan marka Vatnajökulsþjóðgarðs.

Þar er vísað sérstaklega til Vonarskarðs og verður ekki séð að nauðsyn krefji á um að loka Vonarskarði fyrir hestaumferð.

Skilgreina þarf eftirtaldir leiðir sem reiðleiðir:

Frá Gjallanda í Vonarskarð, úr Vonarskarði að Svarthöfða og áfram í Jökulheima. Frá Svarthöfða og vestur fyrir Hágöngulón, skilgreina þarf einnig reiðleið úr Nýjadal í Vonarskarð. Þá vantar að skilgreina Gæsavatnaleið sem reiðleið þ.e. frá Gjallanda um Urðarháls, Flæður, Dyngjusand og að reiðleið við Upptýppinga, einnig vantar reiðleið frá Flæðum í Dyngjufjalladal þaðan í Suðurárbotna og að reiðleiðum við Svartárvot. Þær leiðir sem hér eru nefndar hafa verið farnar af ríðandi fólki allt frá fyrstu dögum Íslandsbyggðar.

Á austursvæði er skilgreind reiðleið, Fljótsdalur – Sauðárkofi, um Laugafell og Fjallaskarð inn Vesturöræfi þessi reiðleið endar við Hálslón, skilgreina þarf áframhald leiðarinnar til norðurs með Hálslóni að Kárahnjúkum.

Áningastaði / skiptihólf þarf að skilgreina með um 8 – 10 km. millibili við reiðleiðirnar eða eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað.

SAMÚT tekur undir þá skoðun Landssambands hestamanna að viðmið varðandi stærð hestahópa sem fara megi um svæðið án sérstaks leyfis þjóðgarðsvarða sé of lágt, en þar er miðað við stærri hópa en 20 hesta. Tillaga LH um að miðað sé við 40 – 50 hesta hópa og stærri er vel ásættanleg að mati SAMÚT.

Þá er það álit SAMÚT að leiðir á hálendi sem ætlaðar eru til aksturs séu almennt opnar fyrir hestaumferð og ekki rök fyrir öðru en að það gildi innan þjóðgarðsins. *Skúli Skúlason form.*

Tekjur af hestatengdri ferðaþjónustu:


Hagstofa Íslands hefur nú birt í fyrsta sinn ferðaþjónustureikning fyrir Ísland samkvæmt alþjóðlegum stöðlum. Niðurstöður þessara reikninga sýna m.a. að árin 2000 - 2006 var hlutur ferðaþjónustu í landsframleiðslu að meðaltali 4,6%. Árið 2006 nam heildarkaup á ferðaþjónustu innanlands tæplega 135 milljörðum króna eða sem svarar 11,5% af landsframleiðslu. Kaupin skiptust þannig að kaup erlendra ferðamanna voru 70,6 milljarðar króna eða 6% af landsframleiðslu, neysla heimilanna var um 56 milljarðar króna eða 4,8% af landsframleiðslu og kaup fyrirtækja og opinberra aðila 8,2 milljarðar króna eða 0,7% af landsframleiðslu.

Samkvæmt nýjustu upplýsingum frá Ferðamálaráði, Hagstofunni, Seðlabanka Íslands og Samgönguráðuneyti þá námu heildartekjur þjóðarbúsins árið 2008 af hestatengdri

ferðaþjónustu 14,6 milljörðum króna, ætlaðar tekjur þjóðarbúsins árið 2010 verða samkvæmt sömu forsendum 17,9 milljarðar króna.

Ferðamálaráð spáir 9% árlegri fjölgun erlendra ferðamanna á næstu árum og samkvæmt þeim spám munu erlendir ferðamenn verða ein milljón á árunum 2015 – 2017.

Hér að neðan er súlurit sem sýnir heildartekjur þjóðarbúsins af hestatengdri ferðaþjónustu á arunum 2002 – 2010.



Hér á eftir eru svo skjöl sem sýna:

Umsóknir hestamannafélaga og úthlutanir Ferða- og samgöngunefndar á reiðvegafé 2010, þar kemur einnig fram uppgjör ársins 2009.

Halldór H. Halldórsson

formaður Ferða- og samgöngunefndar LH.